

**Starfsgreinasamband Íslands
ársfundur 14. og 15. október 2004**

Ályktun um skattamál

Ríkisstjórnin hefur boðað verulegar skattalækkunir á komandi árum. Stjórnin hyggst afnema hátekjuskattinn og lækka tekjuskattsprósentuna um 4%. Áætla má að tekjutap ríkissjóðs af þessum lækkunum verði um 23 milljarðar.

Á næsta ári áformar ríkisstjórnin að lækka tekjuskattsprósentuna um 1% og hátekjuskattinn um helming. Skattalækkunin hefur misjöfn áhrif á einstaklinga eftir tekjum þeirra. Því hærri sem tekjurnar eru því meira lækka skattarnir.

Ársfundur Starfsgreinasamband Íslands krefst þess að ríkisstjórnin tryggi betur hag þeirra tekjulægri. Viðtæk sátt hefur verið í þjóðfélaginu að nýta skattkerfið sem tekjujöfnunartæki. Ársfundur Starfsgreinasambandsins bendir á að lækkun virðisaukaskatts, hækkun barnabóta, hækkun skattleysismarka og sérstakt skattþrep á lægri tekjur, eru þættir sem koma þeim tekjulægri mest til góða.